

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 27. september 2023

Mál nr. S-51/2023:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

(*Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður*)

(*Grímur Már Þórólfsson réttargæslumaður*)

Dómur

I.

Mál þetta, sem þingfest var 31. janúar 2023 og dómtekið 30. ágúst sl., höfðaði lögreglustjórinn á Suðurnesjum með ákæru útgefinni 2. janúar 2023 á hendur ákærða: X, kt. 000000-0000, [...], [...]

„fyrir hegningarlagabrot sem hér segir;

A.

Fyrir brot í nánu sambandi á tímabilinu frá 1. janúar 2022 til [...]. ágúst 2022, með því að hafa endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð fyrrverandi maka síns og barnsmóður, A, kt. 000000-0000, með andlegu og líkamlegu ofbeldi, hótunum, húsbroti, broti gegn friðhelgi hennar og broti gegn nálgunarbanni, allt sem hér nánar greinir:

A.I.

Með því að hafa, fimmtudaginn 12. maí 2022, á heimili A að [...], íbúð [...], [...], eftir að hafa verið stöðvaður af lögreglu fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna, gripið um A er hún lá í sófanum í stofu íbúðarinnar, hrist hana til og öskrað á hana.

Mál nr. [...]

A.II.

Með því að hafa, miðvikudaginn 25. maí 2022, ruðst óboðinn inn á heimili A að [...], íbúð [...], [...], og beint í kjölfarið tekið í báða upphandleggi A, hrist hana til og öskrað á hana, allt í viðurvist barna þeirra, B, kt. 000000-0000, C, kt. 000000-0000 og D, kt. 000000-0000.

Mál nr. [...]

A.III.

Með því að hafa, í eitt skipti í maí 2022, hótað A því að brjótast inn í íbúð hennar að [...], [...].

Mál nr. [...]

A.IV.

Með því að hafa, þann 18. maí 2022, komið fyrir í farsíma A hugbúnaðinum „KidsGuard“, sem gerði ákærða kleift að fylgjast náið með allri farsímanotkun A, þ.á.m. samskiptum hennar og einkasamtölum við þriðju aðila á samskipta- og samfélagsmiðlum, en ákærði hafði slíkan aðgang á tímabilinu frá 18. maí 2022 til 12. ágúst 2022, þegar lögregla fjarlægði hugbúnaðinn að ósk A. Á umræddu tímabili höfðu 5036 skjáskot af síma A orðið til í gegnum umræddan hugbúnað.

Mál nr. [...]

A.V.

Með því að hafa, sunnudaginn [...]. ágúst 2022, brotið gegn nálgunarbanni og komið að heimili A að [...], íbúð [...], [...], þegar hún var þar stödd innandyra, og hleypt börnum þeirra, C og D, inn um svaladyrnar, þrátt fyrir að ákærða hafi með ákvörðun lögreglustjórans á Suðurnesjum, dags. 12. ágúst 2022 verið bannað að koma á eða í námunda við heimili A að [...], íbúð [...], [...], á svæði sem afmarkast við 50 metra radíus umhverfis heimilið, mælt frá miðju hússins, og jafnframt að veita henni eftirför, nálgast hana á almannafæri, hringja í heima-, vinnu- eða farsíma hennar, senda henni tölvupóst eða setja sig á annan hátt í beint samband við hana.

Mál nr. [...]

Telst framangreind háttsemi ákærða í kafla A., sbr. liði A.I. - A.V. varða við 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Telst framangreind háttsemi ákærða í lið A.I. til vara varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Telst framangreind háttsemi ákærða í lið A.II. til vara varða við 217. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Telst framangreind háttsemi ákærða í lið A.III. til vara varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Telst framangreind háttsemi ákærða í lið A.IV. til vara varða við 228. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Telst framangreind háttsemi ákærða í lið A.V. til vara varða við 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

B.

Fyrir hótanir, með því að hafa, miðvikudaginn 10. ágúst 2022, í tvö skipti hótað því að bana E, kt. 000000-0000, eða ráðast á hann, sem hér segir:

B.I.

Með því að hafa, við skýrslutöku hjá lögreglu á lögreglustöð, viðhaft eftirfarandi ummæli um E: „*Ef ég sé hann þá drep ég hann. Bara svo það sé alveg á hreinu, ef hann deyr*“.

B.II.

Með því að hafa, nokkrum klukkustundum eftir skýrslutöku á lögreglustöð skv. lið B.I., hringt á Neyðarlínuna og óskað eftir því að lögregla færi að heimili barnsmóður sinnar og vísaði E út, annars færi hann þangað sjálfur og dræpi hann. Einnig kvaðst ákærði ætla að stinga hann, berja hann og brjóta í honum mænuna.

Telst framangreind háttsemi ákærða í kafla B., sbr. liði B.I. – B.II. varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Mál nr. [...]

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Í málum sbr. kafla A. í ákæru, sbr. undirliði A.I. – A.V., krefst brotþoli, A, kt. 000000-0000, þess að ákærða verði gert að greiða henni skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 2.500.000,- með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. ágúst 2022, til þess dags þegar mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en dráttarvaxta frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, til greiðsludags. Ennfremur er krafist lögmannspóknunar réttargæslumanns, auk virðisaukaskatts, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins ef til aðalmeðferðar kemur.“

Ákærði játaði sök við þingfestingu málsins þann 31. janúar 2023 vegna ákæruliða A.I. og A.IV. Ákærði krefst vægustu refsingar er lög leyfa og hafnar heimfærslu til 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga. Ákærði krefst sýknu hvað varðar aðra ákæruliði en til vara, verði hann fundinn sekur, að refsing verði skilorðsbundin. Ákærði viðurkennir bótaskyldu en mótmælir bótafjárhæð. Þá er gerð krafa um málsvarnarlaun skipaðs verjanda að mati dómsins.

II.

Ákærufakfli A

1.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra, miðvikudaginn 25. maí 2022, um yfirstandandi heimilisofbeldi að [...], íbúð [...], en samkvæmt dagbók lögreglu hafði nágranni tilkynnt um ofbeldið. A, hér eftir nefnd brotaþoli, tók á móti lögreglu og kvað dóttur hennar og ákærða hafa opnað fyrir ákærða, sem hafi komið óvelkominn inn í íbúðina. Brotaþoli kvað þau ákærða hafa hætt saman fyrir um ári síðan og eigi saman þrjú börn. Ákærði hafi gripið í báða upphandleggi brotaþola, fært hana frá og einhver læti og öskur hafi átt sér stað en ákærði hafi síðan farið inn í herbergi. Brotaþoli kvað börnin hafa séð allt sem hafi gengið á. Brotaþoli hafi verið mjög buguð að sjá og sagst vera orðin mjög þreytt á ákærða sem væri búinn að vera í mjög mikilli neyslu og lögreglan tekið hann oft síðustu daga vegna aksturs undir áhrifum fíknafna. Brotaþoli kvað ákærða vera búinn að beita sig andlegu ofbeldi og hann hafi tvisvar áður lagt hendur á hana en þá hafi hún ekki hringt á lögregluna. Brotaþoli kvað ákærða eiga helminginn í íbúðinni og því væri hann að ryðjast inn á heimilið og reyna að stjórna. Ákærði hafi boðið brotaþola að kaupa hana út fyrir 8 milljónir króna eða að brotaþoli borgaði 7 milljónir króna og ákærði fengi að sofa hjá henni af og til. Brotaþoli kvað ákærða með þessu vera að misnota aðstæður hennar þar sem hún væri þunglynd, einstæð þriggja barna móðir á atvinnuleysisbótum.

Ákærði var handtekinn sama dag fyrir húsbrot og tekin af honum lögregluskýrsla. Þar kvaðst ákærði viðurkenna húsbrotið en hann hafi gert samkomulag við brotaþola um að hún fengi að búa í íbúðinni meðan hún væri ekki með öðrum karlmönnum þar. Ákærði kvaðst hafa komið fyrir um daginn en þá hafi maður að nafni F verið í íbúðinni sem ákærði kvaðst ekki hafa verið ánægður með og kvaðst hafa komið um kvöldið því hann hafi viljað F út. Ákærði viðurkenndi að hafa gengið óvelkominn inn í íbúðina.

Brotaþoli lagði fram formlega kæru vegna atviksins hjá lögreglu 5. október 2022. Þar kvað brotaþoli ákærða hafa ruðst inn, ýtt sér frá og tekið aðeins í sig og öskrað að F ætti að fara út. Ákærði hafi síðan lokað sig inni í öðru herbergi með síma brotaþola, sem kvaðst hafa farið yfir til vinkonu sinnar í næstu blokk og beðið hana um að taka börnin og hringja á lögregluna. F hafi verið inni á baðherbergi og brotaþoli kvaðst hafa sagt honum að læsa hurðinni. Brotaþoli kvað ákærða alltaf vera ógnandi og með hótanir. Tekin var lögregluskýrsla af F 6. september 2022 vegna atviksins.

Þann 27. maí 2022 mætti brotþoli á lögreglustöðina í [...] vegna kærú á hendur ákærða vegna meints heimilisofbeldis. Brotþoli kvað ákærða ekki láta sig í friði, áreita sig og senda sér skilaboð en ákærði væri í stöðugri neyslu. Ákærði hafi hótad að brjótast inn í íbúð hennar af því að hún vildi ekki láta hann fá lykila að íbúðinni en ákærði hafi týnt sínum lyklum. Brotþoli kvað ákærða hafa tekið utan um handleggina á sér og hrist sig en ekki lamið sig illa þó hún hafi fengið marbletti. Ofbeldið sé aðallega andlegt. Ákærði sé alltaf að tékka á sér og vilji vita hvar hún hafi verið og hafi mætt heim til sín tveimur dögum áður viss um að einhver væri hjá brotþola. Brotþoli kvaðst óttast það sem fíknin væri að gera ákærða en þá væri hann annar persónuleiki og með þráhyggju og kvaðst vera hrædd við það sem hann geri en hún viti aldrei hvort hann komi og banki. Ákærði hafi völd yfir sér vegna íbúðarinnar sem þau eigi saman en hún geti ekki borgað hann út. Brotþoli kvað framkomu ákærða ekki hafa breyst vegna þess að hún hafi kynnst öðrum manni heldur ætlist ákærði til þess að hún hendi honum út. Áreitið felist aðallega í rafrænu áreiti og að ákærði vilji alltaf vita hvar hún hafi verið og hvað hún hafi verið að gera. Brotþoli kvaðst ekki hafa leitað til læknis vegna framkomu ákærða en hún þjáist af þunglyndi og kvíða vegna andlegs ofbeldis hans.

Tekin var skýrsla af ákærða vegna kærunnar hjá lögreglu sama dag. Þar kvaðst ákærði hafa beitt brotþola einhverju andlegu ofbeldi en hún hafi gert það sama gagnvart sér. Ákærði kvaðst hafa komið tvívegis til brotþola daginn áður, hafa brjálást yfir að það væri annar maður í íbúðinni og verið handtekinn. Ákærði kvaðst einu sinni hafa lagt hendur á brotþola eftir að hafa verið tekinn undir áhrifum á bílnum, komið heim og brotþoli tilkynnt sér að hann fengi ekki að hitta börnin. Hann hafi þá gripið í brotþola þar sem hún lá í sófanum, hrist hana og öskrað en kvaðst ekki hafa lamið hana. Ákærði kvaðst senda brotþola skilaboð „bara til að tékka á henni. Ekkert stanslaust.“ Ákærði kvaðst spyrja brotþola reglulega hvar hún væri og hvað hún væri að gera. Ákærði viðurkenndi að hafa nýlega hótad að brjótast inn í íbúðina þeirra og hafa ætlað að gera það þó nú telji hann að hann láti ekki verða af því enda yrði hann þá settur í gæsluvarðhald en því nennti hann ekki. Ákærði viðurkenndi að hafa þráhyggju gagnvart brotþola og vera ósáttur við að missa hana.

Ákærði skrifaði undir yfirlýsingu í lok skýrslutökunnar, um að koma ekki á eða vera við heimili brotþola, veita henni ekki eftirför, heimsækja eða vera með öðru móti í sambandi við hana svo sem með símtölum, tölvupósti, rafrænum samskiptum eða með öðrum hætti í 2 mánuði.

Ákærði hafði samband við lögreglu 17. júlí 2022 og greindi frá því að hann hafi í fórum sínum skilaboð sem hann hafi sótt í síma brotþola. Þann 9. ágúst 2022 var tekin fyrir hjá lögreglu kæra brotþola vegna meintra brota ákærða gegn friðhelgi einkalífs og gegn fjarskiptalögum. Brotþoli kvað ákærða hafa brotist inn í stafrænan búnað hennar og komist þar yfir samskipti hennar og kærasta hennar. Brotþoli kvaðst vilja nálgunarbann gagnvart ákærða og vera hrædd um líf sitt og barna sinna. Tekin var lögregluskýrsla ákærða 10. ágúst 2022 vegna málsins. Þar viðurkenndi ákærði að hafa gerst sekur um brot gegn fjarskiptalögum og friðhelgi einkalífs brotþola. Ákærði kvaðst hafa „hakkað“ síma brotþola í maí eða júní og hafa afritað og skoðað síma hennar í 2-3 mánuði.

Þann 12. ágúst 2022 tók lögreglustjórinn á Suðurnesjum ákvörðun um nálgunarbann ákærða gagnvart brotþola til 10. febrúar 2023, þar sem hann hefði brotið gegn yfirlýsingu frá 27. maí 2022 með því að setja njósnaforrit í farsíma brotþola og fylgjast þannig með henni. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 30. ágúst 2022 var ákvörðunin staðfest þó þannig að nálgunarbannið skyldi gilda til 12. desember 2022.

Þann 22. ágúst 2022 lagði brotþoli fram kæru á hendur ákærða vegna brots á nálgunarbanni en hann hafði daginn áður um kl. 19:00 fylgt börnum þeirra, þriggja og fimm ára heim úr afmæli. Börnin hafi farið sjálf í afmælið hjá systur ákærða sem búi í næstu blokk og þau hafi getað komið sjálf heim án fylgdar ákærða. Brotþoli kvaðst ekki hafa séð ákærða, sem hafi opnað svaladyrnar og hleypt börnunum inn. Brotþoli kvaðst hafa gefið leyfi fyrir því að ákærði væri með börnin en ekki að hann fylgdi þeim heim. Ákærði gaf lögregluskýrslu vegna málsins daginn eftir.

Meðal gagna málsins er skýrsla um afritun og rannsókna á farsíma brotþola dagsett 23. ágúst 2023 þar sem fram kemur að smáforritið „KidsGuard“ hafi verið sett upp í síma brotþola þann 18. maí 2022, sem hafi verið fjarlægð úr símanum af lögreglu að ósk brotþola þann 12. ágúst sama ár. Sést hafi að samtals 5036 skjáskot hafi verið tekin á símann og vistuð á lokuðu svæði á heimasíðu framleiðanda forritsins, þar sem hægt hafi verið að nálgast þau af þeim sem setji forritið upp. Greinargerð lögreglu um smáforritið KidsGuard er einnig meðal gagna málsins.

Í málinu liggur einnig fyrir útprentun af samskiptum ákærða og brotþola á Instagram þann 27. maí 2022. Þar segir brotþoli m.a. „Vinsamlegast láttu mig í friði. Ég er búin að biðja þig um það nokkrum sinnum og ég vil ekki þurfa að biðja aftur eða kalla til lögguna“. Ákærði sendir þá eftirgreind skilaboð: „Ef þú villt ekki skemmdan cylinder

skildu þá lykllana eftir“, „Og sendir mér bara skilaboð þegar þið eruð farin“, „7 miljónir 3 lokdrætti og ég smá þegar þú selur deal?“ Brotapoli sendir ákærða þá skilaboð varðandi sölu íbúðarinnar sem ákærði svarar með „Ég vill 3 lokadrætti og eina Helgi í íbúðinni“. Brotapoli svarar því með „Þú getur ekki fengið allt. Ég er ekki til sölu og ég hef ekki áhuga á að stunda kynlíf með þér aftur eða gera þér kynlífsgreiða“.

Einnig liggur fyrir í málinu mæling á vegalengd milli íbúða systur ákærða og brotþola gerð af kortadeild Reykjanesbæjar. Þar kemur fram að frá miðpunkt íbúðar brotþola í miðpunkt íbúðar systur ákærða er um 19,5 m. Þá liggja fyrir yfirlýsingar dagsettar 25. ágúst 2023, önnur frá Bjarkarhlíð um að brotþoli hafi komið í viðtal hjá ráðgjafa 8. september 2022 og aftur 6. október s.á. auk þess að hafa fengið tíma hjá lögreglukonu Bjarkarhlíðar 23. maí 2023. Þá hafi brotþoli fengið tíma í lögfræðiráðgjöf í Bjarkarhlíð 28. júní 2023. Í yfirlýsingu Kvennaathvarfs er staðfest að brotþoli hafi sótt viðtöl hjá ráðgjafa frá 7. júní 2023 og sæki þau enn.

2.

Ákærði bar fyrir dómi að hann myndi ekki vel eftir atvikinu 25. maí 2022, sbr. ákæruliður A.II., en að dóttir hans hafi opnað fyrir sér. Hann og brotþoli hafi verið búin að gera samning um að hún væri ekki að bjóða öðrum karlmönnum í heimsókn meðan hún væri í sameiginlegri íbúð þeirra. Ákærði kvaðst hafa verið mjög afbrýðissamur og það hafi fokið í sig af því að brotþoli hafi boðið karlmanni heim en kvaðst ekki hafa tekið í brotþola umrætt sinn. Hann kvaðst hafa tekið síma brotþola og læst sig inn í herbergi en síðan hafi lögreglan komið og handtekið sig. Ákærði kvað annan karlmann hafa verið í íbúðinni er hann kom. Aðspurður um hvort brotþoli hafi áður sagt ákærða að hann væri óvelkominn í íbúðina fyrir atvikið kvaðst ákærði hafa átt helminginn í íbúðinni en hann hafi ekki búið þar á þessum tíma. Ákærði kvaðst ekki muna hvenær hann hafi flutt út. Ákærði kvaðst aðspurður hafa hreytt einhverjum skít í brotþola en hann myndi hvað og kvaðst ekki hafa ógnað henni. Ákærði kvaðst aðspurður um hvort hann hafi snert brotþola ekki halda það en að hann gæti hafa ýtt henni, hann hafi tekið af henni símann. Ákærði kvaðst hafa verið þokkalega reiður og nánar aðspurður kvaðst hann halda að hann hafi ekki ýtt brotþola en hann væri ekki ofbeldismaður og lemji ekki konur. Börnin hafi verið á flakki inn og út. Ákærði kvaðst halda aðspurður að hann hafi ekki öskrað á brotþola. Ákærði kvaðst ekki muna nákvæmlega hvað hann hafi sagt í lögregluskýrslu sama dag og kvaðst ekki muna eftir því að hafa þar játað húsbrot.

Ákærði bar að hann myndi ekki eftir að hafa hótad að brjótast inn í íbúð brotþola, sbr. ákæruliður A.III., og kvað þetta vera íbúðina þeirra, hann hafi átt helminginn í henni. Hann hafi ekki verið með lögheimili þar til að brotþoli fengi barnabætur en hafi búið í íbúðinni og verið með annan fótinn þar á þessum tíma. Ákærði kvaðst aðspurður þó allajafna hafa haldið til hjá bróður sínum. Ákærði kvað það vel geta verið að hann hafi hótad því að brjótast inn hjá brotþola eins og hann bar í skýrslutöku hjá lögreglu 27. maí 2022 en hann hafi líka átt íbúðina.

Ákærði kvaðst vegna ákæruliðar A.V. hafa verið í afmæli hjá systur sinni sem búi nærri brotþola og kvað dóttur sína hafa fengið leyfi hjá brotþola svo hann gæti farið með börnin til bróður síns, sem einnig hafi búið nálægt brotþola en ekki verið heima. Börnin hafi átt að vera komin heim í kvöldmat. Dóttir þeirra [...] ára hafi verið mjög þreytt og því hafi hann gengið með hana og sett upp á pallinn en hann hafi ekki viljað skilja hana eftir 50 metra frá íbúðinni. Ákærði kvaðst ekki hafa séð hver hafi opnað svaladyrnar og hafa vitað af nálgunarbaninu en talið mikilvægara að koma stúlkunni heilli til skila en að virða bannið.

Ákærði kvaðst ekki kannast við samskipti á Instagram frá 27. maí 2022. Ákærði kvaðst ekki halda að hann hafi skrifað „Ef þú villt ekki skemmdan cylinder skildu þá lyklna eftir“. Hann kvað hafa komið til tals að annað myndi kaupa hitt út úr íbúðinni. Ákærði kvaðst ekkert muna eftir þessu enda liðið rúmt ár. Aðspurður kvaðst ákærða finnast ólíklegt að hann hafi sent brotþola skilaboðin „7 milljónir 3 lokadrætti og éh smá þegar þú selur deal?“ Ákærði kvað aðspurður það geta verið að brotþoli hafi sent sér skilaboðin „Þú getur ekki fengið allt. Ég er ekki til sölu og ég hef ekki áhuga á að stunda kynlíf með þér aftur eða gera þér kynlífsgreiða“. Ákærði kvaðst aðspurður hafa komið hugbúnaði fyrir í síma brotþola því hann hafi haft einhverjar grunsemdir en einnig því hann hafi verið afbrýðissamur og þroskaheftur. Nánar aðspurður um hvaða grunsemdir, kvað ákærði brotþola hafa sagt að hún væri í samskiptum við mann sem væri kynferðislega brenglaður. Síðan hafi komið í ljós að hann væri að óska eftir kynferðislegum myndböndum af börnum ákærða og því hafi hann hringt í lögregluna og játað að hafa sett forritið í símann. Ákærði kvaðst aðspurður ekki vita hvenær brotþoli hafi byrjað samskipti við þennan mann en kvaðst halda að það hafi verið um júlín 2021.

Brotþoli, A, lýsti atvikum 25. maí 2022 með þeim hætti fyrir dómi að ákærði hafi komið tvívegis þann dag. Í fyrra skiptið hafi ákærði birst skyndilega, gengið inn framhjá brotþola á pallinum og labbað um íbúðina. Brotþoli kvaðst hafa tjáð ákærða

að hann væri ekki velkominn á heimilið en hann hafi komið aftur og dinglað. Dóttir þeirra hafi opnað með dyrabjöllu og ákærði komist inn á stigaganginn. Brotapoli kvaðst halda að dyrnar hafi verið læstar og elsta dóttir þeirra B opnað en þá hafi ákærði ruðst inn. Brotapoli kvaðst hafa verið úti á palli og séð ákærða sem hafi farið að herbergi brotápola og brotapoli á eftir honum. Ákærði hafi þá tekið um handleggi brotápola, að hún taldi um upphandleggina, hrist hana og ýtt henni frá en síðan tekið síma brotápola og læst sig inni í herbergi. Brotapoli kvaðst hafa hlaupið yfir til vinkonu sinnar í næsta húsi og beðið hana um að hringja í lögregluna og passa börnin sem voru úti á trampólíni nema sú elsta en brotapoli gat ekki fullyrt um það. Brotapoli kvaðst hafa verið mjög hrædd en kvað þetta tiltekna andartak vera í „blackouti“. Aðspurð kvað brotapoli ástæðu þess að ákærði hafi komið í þetta sinn og verið svona reiður, að hún hafi verið með vin í heimsókn og ákærði hafi talið sig vita að einhver væri inni á heimilinu. Aðspurð hvenær ákærði hafi flutt út og þau slitið sambandinu kvað brotapoli það hafa verið um hvítasunnu 2021 eftir að ákærði hafi farið í þrjá daga og ekki látið ná í sig. Ákærði hafi búið á verkstæði og hjá bróður sínum en farið í meðferð í desember 2021. Í framhaldi af því hafi ákærði þröngvað sér inn á heimilið tímabilið janúar til mars 2022 því hann hafi sagt að hann gæti ekki verið edrú nema vera inni á heimilinu. Ákærði hafi verið í mikilli neyslu á þessum tíma og óútreiknanlegur, sýnt ofbeldisfulla hegðun og brjálást yfir minnstu hlutum.

Brotapoli kvað ákærða hafa ítrekað hótad því að brjótast inn í íbúðina en hann hafi talið sig hafa rétt á að vera þar sem annar eigenda hennar. Brotapoli kvaðst hafa farið upp á Skaga um helgi og þá hafi ákærði hótad sér innbroti og þegar brotapoli hafi ekki svarað hafi hann haft slíkar hótanir í frammi gagnvart frænku brotápola, þar sem brotapoli og börnin voru. Ákærði hafi ítrekað sent skilaboð þar sem hann hafi sagt að ef brotapoli myndi ekki skilja eftir lykil eða hefði opið myndi hann brjótast inn. Ákærði hafi verið haldinn mikilli afbrýðissemi og heift og hann hafi ekki látið sig í friði.

Atvikum [...]. ágúst 2022 lýsti brotapoli á þann veg að ákærði hafi heyrt ákærða koma með tvö yngri börnin inn á pallinn við íbúðina, hafa séð hönd ákærða opna hurðina, heyrt hann kveðja börnin og farið. Þetta hafi verið óþægileg upplifun. Brotapoli kvað aðspurð ekki hafa verið rætt sérstaklega hvernig ákærði myndi skila börnunum en kvaðst halda að systir ákærða eða frænka brotápola hafi borið samskipti um umgengni þennan dag á milli. Brotapoli kvaðst aðspurð halda að ekki hafi verið afmæli hjá systur ákærða þennan tiltekna dag og ekki minnst þess að B elsta dóttir þeirra hafi spurt hvort börnin mættu vera hjá ákærða. Brotapoli kvaðst hafa haldið að ákærði myndi virða

nálgunarbannið og kveðja börnin í garðinum. Brotapoli kvaðst svo sem hafa búist við þessu af ákærða því hann hafi ekki virt nein mörk og hann telji að lögin nái ekki yfir hann. Brotapoli kvaðst hafa sent börnin sjálf yfir og því hafa átt von á því að þau kæmu sjálf til baka, fjarlægðin á milli sé það stutt að það hafi væntanlega verið nálægt því að vera innan nálgunarbandsmarka. Brotapoli kvað útilokað að B dóttir þeirra hafi opnað hurðina því hún hafi ekki verið heima þegar yngri börnin komu heim. Brotapoli kvað aðspurð að sér hafi liðið illa árið 2022, hún hafi sofið lítið og verið hrædd, ekki liðið vel heima hjá sér og sífellt hugsað um börnin sín. Ákærði hafi einnig hóttað fjölskyldu sinni. Ákærði hafi neytt fíkniefna og ekki haft hug á að hætta því og hafa hóttað fólki úti í bæ sem brotapolí hafi talað við. Brotapoli kvaðst aldrei eiga eftir að jafna sig og aldrei geta treyst neinum. Nágrannar sendi sér skilaboð þegar ákærði sjáist í nágrenni við íbúðina og af því að hún hafi getað keypt íbúðina hafi hún orðið að gera það þó hún vildi helst vera annars staðar. Brotapoli kvaðst hafa gengið til sálfræðings og leitað til Bjarkahlíðar en ekki hafa byrjað að vinna í öllu. Þetta ástandi hafi ekki verið bara þetta eina ár heldur hafi allt sambandið verið litað atvikum sem hafi átt að fara lengra en þetta hafi fyllt mælinn. Brotapoli kvað aðspurð þá aðstoð sem hún hafi leitað sér vera eingöngu vegna sambandsins við ákærða, hegðunar hans og stanslausrar neyslu sem hafi varað allt sambandið. Aðspurð kvaðst brotapolí hafi verið hjá G sálfræðingi, hafa hitt hana fyrst haustið 2022 og alls síðan í um 13 skipti.

Samskipti á Instagram frá 27. maí 2022 voru borin undir brotapola sem kvað þau vera milli sín og ákærða. Ákærði hafi þar hóttað að brjótast inn með því að segja „Ef þú villt ekki skemmdan cylinder skildu þá lyklna eftir“. Ákærði hafi einnig verið að reyna að fá brotapola til að sofa hjá sér og það hafi hann ítrekað gert og notað brotapola kynferðislega margsinnis. Brotapoli kvaðst hafa sagt það sem væri inndregið í skilaboðunum en ákærði það sem mynd af honum væri við. Brotapoli kvaðst hafa eytt öðrum samskiptum við ákærða.

Aðspurð kvaðst brotapolí kannast við að gögn sem ákærði hafi aflað með hlerunarbúnaði í síma hennar hafi orðið grundvöllur ákæru í sakamáli. Þar hafi allt verið tekið úr samhengi en það hafi ekki verið fyrsti maðurinn sem hafi lent í áreiti af hálfu ákærða vegna samskipta brotapola við aðra karlmenn.

Vitnið H bar fyrir dómi að brotapolí væri vinkona sín. Vitnið kvað brotapola hafa komið til sín 25. maí 2022, hún hafi verið hrædd og stressuð og sagt að ákærði væri búinn að vera með læti í íbúðinni, hann hafi læst sig inni í herbergi með síma brotapola.

Brotapoli hafi beðið vitnið að hringja í lögregluna, sem vitnið kvaðst hafa gert og látið vita að ákærði hafi mætt óboðinn og væri ógnandi. Vitnið minnti að börnin hafi verið komin út í garð á trambólínið og kvaðst vitnið hafa tekið þau inn til sín. Vitnið kvað aðspurt brotþola hafa verið hrædda.

Vitnið F bar fyrir dómi að hann þekki brotþola ekki neitt en kvaðst hafa keypt sér gistingu hjá henni 25. maí 2022. Vitnið kvaðst hafa verið í sturtu er atvik gerðust og því ekkert hafa séð en hafa heyrt að átök hafi átt sér stað og að einhverjum hafi verið dúndrað í vegg og hróp og kvaðst hafa heyrt í börnum sem hafi verið á heimilinu. Aðspurt kvaðst vitnið hafa heyrt í karli og konu. Lögregla hafi verið komin á staðinn er hann kom fram og ástand brotþola hafa verið í lagi en ekkert hafi sést á henni. Vitnið kvað mann hafa komið fyrr um daginn og ætt inn herbergið hjá sér.

Lögreglumaður I staðfesti skýrslur vegna atviks 25. maí 2022 sem vitnið ritaði og er meðal gagna málsins. Sömuleiðis greindi vitnið frá því að tilkynnt hafi verið um heimilisofbeldi og kvaðst hafa verið fyrst á vettvang. Brotapoli hafi opnað og sagt að ákærði hafi læst sig inni í herbergi en hann ætti ekki að vera á heimilinu. Þá hafi borið að aðra áhöfn lögreglu sem hafi farið að ræða við ákærða en stjórnandi á vettvangi hafi ákveðið að handtaka ákærða fyrir húsbrot. Vitnið kvaðst hafa orðið eftir með rannsakanda til að ræða við brotþola. Aðspurt um ástand brotþola á vettvangi kvað vitnið brotþola hafa verið bugaða og segðist vera rosalega þreytt á þessu, ákærði væri í neyslu og þá vildi brotapoli ekki alls ekki fá hann inn á heimilið. Vitnið svaraði því aðspurt að brotþoli hafi greint frá því að ákærði hafi gripið í hendurnar á henni og fært hana til og ákærði hafi öskrað.

Lögreglumaður J kvaðst fyrir dómi hafa fengið upplýsingar um að ákærði hafi komist yfir myndefni og skilaboð hjá brotþola og hafa tekið skýrslu af ákærða um að hann hafi gert það á ólögmetan hátt og ákærði hafi gengist við því. Ákærði hafi sagst hafa fundið leið á netinu til að hakka sig inn í snjalltæki brotþola. Þar hafi ákærði séð samskipti sem ákærða hafi fundist ámælisverð. Vitnið staðfesti skýrslur sínar í málinu.

3.

Ákærða er í A. kafla ákæru gefið að sök brot í nánu sambandi, með því að hafa endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð brotþola sem er fyrrverandi maki hans og barnsmóðir, með andlegu og líkamlegu ofbeldi, hótunum, broti gegn friðhelgi hennar og broti gegn nálgunarbanni. Er þeirri háttsemi ákærða sem talin er brotleg og falla undir refsíákvæðið lýst nánar í fimm ákæruliðum eins og greinir að

framan. Er háttsemi ákærða í ákæruliðum A.I. til A.V. talin varða við 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum en samkvæmt því ákvæði skal hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, sæta fangelsi allt að sex árum.

Ákærði hefur játað sök samkvæmt ákæruliðum A.I. og A.IV. en hafnar því að háttsemi hans verði heimfærð undir 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga. Þá neitar ákærði sök vegna annarra ákæruliða.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála gildir almennt sú grundvallarregla að dómur skuli byggður á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákæruvaldinu og verður hann því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Þá metur dómurinn hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar.

Ákærði hefur játað fyrir dómi að hafa veist að brotþola með ofbeldi þann 12. maí 2022 og að hafa brotist inn í síma hennar til að setja þar upp njósnaforrit tæpri viku síðar eða 18. maí, sbr. ákæruliðir A.I og A.IV., en ákærði gat fylgst með öllum samskiptum og notkun ákærðu allt til 12. ágúst s.á. Þegar lögregla tók forritið niður. Samkvæmt gögnum málsins voru 5036 skjáskot tekin á símann og vistuð á lokuðu svæði á heimasíðu framleiðanda forritsins, þar sem ákærði gat nálgast þau. Ákærði skrifaði undir yfirlýsingu 27. maí 2022 í kjölfar kæru ákærðu vegna heimilisofbeldis, þar sem hann skuldbatt sig til að vera ekki nálægt brotþola eða vera í sambandi hana með nokkrum hætti í 2 mánuði. Á þeim sama tíma fylgdist ákærði með brotþola í gegnum símanotkun hennar og braut því gróflega gegn friðhelgi einkalífs hennar í þrjá mánuði auk þess að brjóta gegn framangreindri yfirlýsingu.

Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki muna vel eftir atvikum 25. maí 2022. Hann kvað dóttur sína hafa opnað fyrir sér en helst var á ákærða að skilja að ákærði hafi talið sig eiga rétt á að koma þegar honum sýndist því hann hafi átt helminginn í íbúðinni þó hann hafi ekki búið þar á þessum tíma. Er það ekki í samræmi við skýrslu sem ákærði gaf hjá

lögreglu sama dag og atvikið átti sér stað en þar játaði ákærði húsbrot og kvaðst hafa farið óvelkominn inn á heimili brotþola þann 25. maí 2022. Ekki verður fallist á þær varnir ákærða að hann hafi mátt ætla að honum væri heimil innganga á heimili brotþola þó hann ætti eignarhlut í íbúðinni og dóttir hans hleypt honum inn. Má einu gilda að ákærði eigi íbúðina ásamt brotþola en þau höfðu sannanlega slitið samvistum tæpu ári áður og bjó brotþoli í íbúðinni ásamt sameiginlegum börnum henna og ákærða. Verður litið svo á að ákærði hafi ruðst óboðinn inn á heimili brotþola eins og greinir í ákæru. Þá er það mat dómsins að framburður brotþola sé ekki trúverðugur enda viðurkenndi hann einnig í skýrslu hjá lögreglu 27. maí, að hafa ruðst inn á heimili brotþola þann 25. maí og kvaðst ekki ætla að gera það aftur því þá yrði hann settur í gæsluvarðhald.

Hvað varðar þá háttsemi að ákærði hafi gripið um báða upphandleggi ákærðu, hrist hana til og öskrað á hana, allt í viðurvist barna þeirra þriggja, kom fram hjá brotþola fyrir dómi að hún var ekki viss um að börn hennar og ákærða hafi verið vitni að atvikinu. Þrátt fyrir að vitnið F hafi borið um fyrir dómi að hafa heyrt í börnum er til þess að líta að vitnið H bar um að börnin hefðu verið úti í garði. Er því alls óljóst hvort eitthvert barnanna hafi orðið vitni að atburðinum. Verður ákærði því sýknaður af þeim hluta ákæruliðar A.II. Er það mat dómsins að framburður brotþola um háttsemi ákærða gagnvart sér að öðru leyti hafi verið trúverðugur og í samræmi við skýrslu brotþola hjá lögreglu undir rannsókn málsins. Verður framburður brotþola því lagður til grundvallar og talið hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæruliðnum greinir.

Ákærði bar fyrir dómi að hann myndi ekki eftir að hafa hótað að brjótast inn í íbúð brotþola, sbr. ákæruliður A.III. og það vel geta verið að hann hafi hótað því að brjótast inn hjá brotþola eins og hann bar í skýrslutöku hjá lögreglu 27. maí 2022. Ákærði hefur borið fyrir sig að hann hafi líka átt íbúðina. Brotþoli bar fyrir dómi að ákærði hafi margoft hótað því að brjótast inn. Fyrir liggja samskipti ákærða við brotþola á Instagram þar sem ákærði segir að ef hún vilji ekki skemmdan cylinder þá skuli hún skilja lykllana eftir, en brotþol bar að ákærði hafi þá verið búinn að týna sínum lykklum. Að mati dómsins verða slík ummæli ekki skilin á annan hátt en svo en að ákærði hafi hótað að brjótast inn hjá brotþola og að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem í ákærulið A.III. geinir.

Ákærði bar fyrir dómi að dóttir hans og brotþola, sem aðeins hafi verið [...] ára gömul, hafi verið orðin þreytt þann [...] ágúst 2022. Því hafi hann sett hana inn á pallinn

við íbúð brotáþola og farið. Í lögregluskýrslu kvaðst ákærði hafa verið hjá systur sinni og skilað börnunum heim en þau hafi verið orðin þreytt og hann því fylgt þeim. Ákærði kvaðst hafa opnað svaladyrnar á íbúð brotáþola en hvorki séð eða rætt við hana. Ákærði er ekki samkvæmur sjálfum sér í lýsingu á atvikum þar sem hann kvaðst hafa opnað svaladyrnar í lögregluskýrslu. Þá er ljóst að í gildi var nálgunarbannt gagnvart ákærða og honum óheimilt að koma nær íbúð brotáþola en 50 metra. Þrátt fyrir að skýring ákærða um ástæðu þess að hann ákvað að brjóta nálgunarbannt, geti út af fyrir sig talist vera umhyggja föður vegna velferðar ungrar dóttur, er jafnframt ljóst að um ákaflega stutta vegalengd var að ræða auk þess sem ákærða bar að sjá til þess með öðrum hætti að barnið kæmist óhult heim. Það gat hann gert með auðveldum hætti t.d. með því að hafa samband við systur sína sem bjó í næsta stigagangi eða öðrum hætti. Ákærði braut því gegn nálgunarbannt eins og í ákærulið A.V. greinir.

Óumdeilt er í málinu að ákærði og brotáþoli voru sambúðaraðilar og tengsl þeirra heyra því undir 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga. Skilyrði þess að háttsemi teljist refsiverð samkvæmt 218. gr. b, er að háttsemi sé endurtekin eða alvarleg. Ákvæði 218. gr. b var bætt við almenn hegningarlög með lögum nr. 23/2016. Í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins sem varð að 218. gr. b, segir að með ákvæðinu sé lögð áhersla á að ofbeldi í nánnum samböndum feli ekki einungis í sér samansafn einstakra tilvika heldur megi virða slíka háttsemi sem eina heild. Athyglin sé færð á það ógnar- og óttaástand sem geti skapast og jafnframt á þá viðvarandi andlegu þjáningu, kúgun og vanmátt sem þolandi upplifi við slíkar aðstæður. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins sé það gert að skilyrði að háttsemi sé endurtekin eða alvarleg en með því sé vísað til þess að hún hafi staðið yfir í lengri eða skemmri tíma þannig að telja megi að viðvarandi ógnarástand hafi skapast. Þeir einstaklingar sem ákvæðið veitir sérstaka réttarvernd, eru m.a. fyrrverandi og núverandi sambúðaraðili auk niðja geranda og niðja núverandi eða fyrrverandi maka. Í 1. mgr. séu sérstaklega taldar upp verknaðaraðferðir sem nú þegar geti falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt hegningarlögum, m.a. ofbeldi, sbr. 217. og 218. gr. og hótanir, sbr. 233. gr. Ofbeldi í nánnum samböndum geti hins vegar birst á fleiri vegu, svo sem andlegt ofbeldi þar sem beitt er grófum og endurteknum uppnefnum, niðurlægingu og ásökunum, minni háttar og ítrekuðum hótunum sem beinist hvort sem er að þolanda eða öðrum honum nákomnum og svo mætti lengi telja. Í því ljósi sé lagt til að refsinaemi ákvæðisins verði ekki bundið við verknaði sem þegar geti falið í sér refsiverða háttsemi samkvæmt almennum hegningarlögum heldur taki það jafnframt til

þess ef lífi, heilsu eða velferð þolanda er ógnað á annan hátt sem ekki feli í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt gildandi lögum.

Samkvæmt framangreindu er ekki gert að skilyrði samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 23/2016, að stórfellt líkams- eða heilsutjón hafi hlotist af ofbeldisbroti. Ber við mat á því hvort brotið hefur verið gegn ákvæðinu að líta á háttsemi þá sem um ræðir sem eina heild en ekki samansafn einstakra tilvika. Þá er refsinaemi verknaðarins ekki bundið við verknaði sem nú þegar geta falið í sér refsiverða háttsemi, heldur nær það jafnframt til þess er lífi, heilsu og velferð þolanda er ógnað á annan hátt sem ekki geti falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi.

Eins og rakið er hér að framan hefur ákærði gerst sekur um andlegt og fjárhagslegt ofbeldi gagnvart brotþola og telur dómurinn framburð brotþola um að slíkt ofbeldi hafi átt sér stað um langt skeið og lengur en frá 1. janúar 2022 vera trúverðugan. Hins vegar liggur ekkert fyrir í gögnum málsins um atvik fyrir 12. maí 2022. Frá þeim tíma var um endurtekin brot að ræða gegn brotþola, sem öll virt saman bera með sér að á tímabilinu 12. maí til [...]. ágúst 2022 hafi ákærði endurtekið með ofbeldi, hótunum og broti á friðhelgi einkalífs brotþola ógnað heilsu hennar og velferð, eins og lýst er í ákæru, en brotþoli er barnsmóðir og fyrrverandi sambúðaraðili ákærða. Var brotavilji ákærða einbeittur eins og sést af grófu broti hans gegn friðhelgi brotþola í þrjá mánuði og síðan broti gegn nálgunarbanni.

Að öllu framangreindu virtu, framburði vitna og gögnum málsins, telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í A. kafla ákæru, að undanskildu því að brot samkvæmt ákærulið A.II. var ekki í viðurvist barna og brotin áttu sér stað á tímabilinu 12. maí 2022 til [...]. ágúst 2022. Eru brot ákærða réttilega heimfærð í ákæru til 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga.

III.

Ákærukafli B

1.

Í lögregluskýrslu 10. ágúst 2022 vegna brota ákærða gegn friðhelgi einkalífs brotþola, kvaðst ákærði hafa fundið samskipti brotþola og sambýlismanns hennar, E, sem vörðuðu börn hans og brotþola sem ákærði hafði miklar áhyggjur af. Af þeim sökum hafði ákærði samband við lögregluna og barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar 17. júlí 2022, sbr. málavaxtalýsingu í kafla II.1 að framan. Ákærði var mjög æstur og sagði

orðrétt: „Ef þið getið ekki séð til þess að þessi maður verði ekki í kringum börnin mín þá verð ég að gera það. Það er mín skylda sem faðir að verja börnin mín fyrir svona ógeði.“ „... þetta eru þrjú lítil börn, [...], [...] og [...] ára sem eru í húfi og það mun ekkert stoppa mig í að verja þau.“ „...þessi fáviti gæti verið að misnota börnin mín. Þú veist, svona fólk á ekki skilið að lifa, það get ég sagt ykkur.“ Aðspurður hvort ákærði hafi verið í samskiptum við E svaraði ákærði svo: „Nei, þá væri hann í kirkjugarðinum.“ Í lok skýrslutökunnar beindi þáverandi verjandi ákærða þeirri spurningu til ákærða hvort ákærði vildi vera í samskiptum við E. Ákærði svaraði þá: „Vil ég? Eruð þið að „fokka“ í mér? Nei! Ég geri allt sem ég get til að sjá hann ekki. Ef ég sé hann þá drep ég hann. Bara svo það sé á hreinu, ef hann deyr.“ Samkvæmt dagbók lögreglu hringdi ákærði mjög æstur í 112 nokkrum klukkustundum síðar. Vildi hann að lögregla færi strax heim til brotþola og vísaði sambýlismanni hennar út, annars myndi hann fara þangað sjálfur og drepa hann. Ákærði sagði að sambýlismaðurinn væri barnaníðingur og hann vildi frekar fara í fangelsi fyrir morð en að láta börnin sín vera nálægt honum. Ákærði hafi talað um að stinga hann og berja og brjóta í honum mænuna.

Tekin var skýrsla af ákærða hjá lögreglu vegna framangreindra meintra hótana, föstudaginn 12. ágúst 2022. Þar kvaðst ákærði gangast við að hafa hótað E lífláti. Ákærði kvaðst aðspurður um hvað hann hafi haft í huga að gera, hafa viljað koma börnum sínum frá E. Ákærði kvaðst hafa verið svolítið reiður út í E vegna þess að hann hafi snert börn ákærða kynferðislega. Ákærði var spurður við hvað hann hafi átt þegar hann hafi svarað spurningu lögreglu um það hvort hann væri í samskiptum við E með: „Nei, þá væri hann í kirkjugarðinum.“ Ákærði kvaðst aðspurður um það hvort hann myndi fylgja þessari hótun eftir ef hann fengi tækifæri til með: „Ég myndi reyna að sleppa því eftir bestu getu. Því „actually“ þá er ég ekki jafn reiður og ég var eftir að ég talaði við barnaverndarnefnd í gær. Ég hélt bara að þeir væru ekki að gera neitt í málinu svo eru þeir að vinna helling sem ég áttað mig ekki alveg á.“ Þá kvaðst ákærði vera hættur við að drepa E eða fylgja hótuninni eftir að öðru leyti, aðspurður um ummæli ákærða við Neyðarlínuna 10. ágúst. Ákærði kvaðst treysta því að barnaverndarnefnd væri að vinna í málinu og maðurinn yrði bannaður á heimilinu nk. mánudag.

Tekin var skýrsla af E 19. október 2022. Þar kvað hann aðspurður um hvort ummælin vektu hjá honum ótta, að þau hafi ekki gert það fyrst, en eftir að þau hafi haldið áfram hafi þau gert það. Kvað hann ákærða aldrei hafa reynt að hafa samband við sig,

bara í gegnum aðra. Aðspurður í gegnum hverja kvað hann ákærða hafa hringt á lögreglustöðina og hótad í gegnum móður brotaþola.

2.

Ákærði kvaðst fyrir dómi hafa sagt það sem greinir í ákæruliðum B.I og B.II en kvaðst ekki hafa ætlað að drepa hann heldur aðeins verið að leggja áherslu á orð sín og viljað segja eitthvað gróft svo eitthvað yrði gert í málunum. Ákærði kvaðst hafa komist að því í gegnum forritið sem hann hafði sett upp á síma brotaþola, að hún væri í samskiptum við þennan mann og þau væru að tala um börn ákærða í kynferðislegu samhengi. Ákærði kvaðst vita að maðurinn væri með barnagirnd og hafa verið sturlaður að vita af þessum manni nálægt börnunum, hann hafi viljað að maðurinn yrði fjarlægður. Ákærði kvaðst aðeins hafa hótad þessu svo að eitthvað yrði gert en hann hafi ekki ætlað að drepa viðkomandi. Aðspurður hvort ákærði hafi viljað að maðurinn fengi að vita af þessum ummælum kvaðst ákærði aðeins hafa viljað að hann væri ekki nálægt börnunum sínum. Ákærði kvaðst aðspurður hafa sagt þetta við lögregluna í skýrslutöku og svo hafi hann sagt þetta þegar hann hringdi í Neyðarlínuna en kvaðst aldrei hafa sagt þetta við E og kvaðst aðeins hafa hitt hann fyrir mánuði og þá í fyrsta skipti vegna sakamáls þar sem E hafi verið ákærður fyrir tilraun til misnotkunar á börnum ákærða. Ákærði kvaðst aðspurður heldur ekki hafa ætlað að berja E eða beita hann líkamsmeiðingum enda væri E mun sterkari og hraustari en ákærði.

E bar fyrir dómi að hótanir ákærða í skýrslutöku hjá lögreglu og í hringingum til lögreglu hafi verið morðhótanir í sinn garð. Vitnið kvað aðspurt hótanirnar hafa haft þung áhrif á sig á þeim tíma og haft áhyggjur af þessu. Aðspurt kvaðst vitnið ekki þekkja ákærða en hafa vitað að þetta væri barnsfaðir brotaþola. Vitnið kvaðst aðspurt hafa óttast að ákærði myndi láta verða af hótunum sínum og því hafa kært hann. Vitnið kvaðst hafa frétt af hótunum hjá sýslumanni vegna forræðisdeilu við barnsmóður sína en hún hafi fengið afrit af gögnum málsins úr Löke. Það hafi líklega verið í lok ágúst eða í september 2022 en lögreglan hafi ekki upplýst vitnið um hótanirnar.

Lögreglumaður J bar fyrir dómi að kærði hafi hótad E. Vitnið kvaðst minna að ákærði hafi verið í annarlegu ástandi við skýrslutöku og hafa sagt að hann væri hættur við að drepa hann, ákærði hafi því verið að draga í land með að fylgja hótunum eftir.

3.

Í B. kafla ákæru er ákærða gefið að sök hótanir, með því að hafa miðvikudaginn 10. ágúst 2022, í tvö skipti hótad því að bana E, eða ráðast á hann, eins og nánar er lýst í

ákæru. Er háttsemi ákærða talin varða við 233. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt ákvæðinu varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að hafa í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað, og hótunin er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra.

Ákærði bar fyrir dómi að hann hafi alls ekki ætlað að fylgja hótunum sínum eftir heldur hafi hann aðeins verið að reyna að fá barnaverndaryfirvöld og lögreglu til að fjarlægja E af heimili brotþola. Eins og rakið er að framan kvaðst ákærði í lögregluskýrslu 12. ágúst, þ.e. tveimur dögum síðar, vera hættur við að drepa E eða fylgja hótuninni eftir að öðru leyti, aðspurður um ummæli ákærða við Neyðarlínuna 10. ágúst.

E bar fyrir dómi að ákærði hafi aldrei hótað sér og kvaðst hafa fyrst fengið vitneskju um hótanirnar af gögnum sem barnsmóðir hans hafi fengið hjá sýslumanni í lok ágúst eða september 2022. Þá bar hann í skýrslu hjá lögreglu að hótanirnar hafi komið í gegnum aðra og nefndi þar símtal ákærða á lögreglustöðina og móður brotþola. Ekkert liggur fyrir í málinu að ákærði hafi hótað E í gegnum móður brotþola. Þá liggur jafnframt fyrir í málinu að ákærði hafði séð samskipti milli brotþola og E um börnin, sem leiddu til ákæru á hendur E vegna tilraun til kynferðisbrots, sem hann var sýknaður af m.a. vegna þess að rannsókn málsins var ábótavant, í máli nr. S-111/2023. Ákærði hafði því fulla ástæðu til að hafa áhyggjur af börnum sínum og gera það sem í hans valdi stóð til að koma börnum sínum í skjól. Ákærði bar fyrir dómi og í lögregluskýrslu tveimur dögum eftir hótanirnar að hann ætlaði ekki að fylgja þeim eftir og að þær hafi verið settar fram til að fá barnaverndaryfirvöld og lögreglu til að gera eitthvað í málinu. Liggur fyrir í málinu að lögreglan, sem var sá aðili sem ákærði kom hótunum á framfæri við, sá ekki ástæðu til að aðvara eða upplýsa E um hótanirnar auk þess sem lögreglumaður J bar fyrir dómi að ákærði hafi þegar dregið í land varðandi hótanirnar. Telur dómurinn ekki hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi ætlað að fylgja hótununum eftir og því verður ákærði sýknaður af ákæruflokknum B.

IV.

Ákærði er fæddur árið [...]. Sakaferill ákærða hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar. Við mat á refsingu ákærða verður sérstaklega litið til 1., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. sömu greinar. Ákærði á sér engar málsbætur. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sex mánaða fangelsi, sem skal skilorðsbundin eins og nánar greinir í dómsorði.

V.

Brotapoli krefst miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 2.500.000 krónur, auk vaxta. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot í nánu sambandi gagnvart brotþola vegna ofbeldis, húsbrots, brots gegn friðhelgi einkalífs og broti gegn nálgunarbandi. Hefur ákærði þannig með ólögmætri og saknæmri háttsemi valdið brotþola miskatjóni, sbr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ákærði hefur viðurkennt bótaskyldu en mótmælir bótafjárhæð. Eins og fram hefur komið að framan hefur háttsemi ákærða valdið brotþola mikilli vanlíðan, en brotþoli lýstu áhrifum þeirra með trúverðugum hætti fyrir dómi. Engum gögnum er hins vegar til að dreifa í málinu um áhrif brotanna á brotþola. Að teknu tilliti til framangreinds og þess að brot af þessu tagi eru almennt til þess fallin að valda miska, þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 600.000 krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

VI.

Á grundvelli sakfellingar ákærða, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður honum gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, en hann var ekki verjandi ákærða á rannsóknarstigi, sem að virtu umfangi máls þykir hæfilega ákveðin 482.112 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá verður ákærða einnig gert að greiða þóknun skipaðs verjanda á rannsóknarstigi, Ástu Bjarkar Eiríksdóttur lögmanns, sem að virtu umfangi máls þykir hæfilega ákveðin 271.188 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti auk 10.343 króna í aksturskostnað. Þá verður ákærða gert að greiða þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Gríms Mús Þórólfssonar lögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 301.320 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Annan sakarkostnað leiddi ekki af meðferð málsins.

María Thejll héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í sex mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotþola A 600.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. ágúst 2022 til 28. febrúar 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, 482.112 krónur, þóknun skipaðs verjanda á rannsóknarstigi,

Ástu Bjarkar Eiríksdóttur lögmanns, 271.188 krónur og aksturskostnað 10.343 krónur, svo og þóknun réttargæslumanns brotþola, Gríms Más Þórólfssonar lögmanns, 301.320 krónur.

María Thejll